



Upplýsingar
fyrir spilara

Þekkir þú þín takmörk?

Spilaðu af ábyrgð



Hjálparsími: 1717
Netspjall: 1717.is

abyrgspilun.is

Ábyrg spilun

Langflestir sem spila upp á peninga kjósa að spila sér til ánægju og skemmtunar, án þess að það dragi dilk á eftir sér. Hér eru ráðleggingar sem gott er að hafa í huga þegar spilað er:

- Best er að gera sér grein fyrir því að spilun í spilakassa hefur í för með sér fjárútlát, rétt eins og mörg önnur afþreying.
- Best er að setja sér tímamörk áður en byrjað er að spila.
- Best er að ákveða hversu miklu má eyða og halda sig við þá upphæð.
- Best er að reyna að vinna ekki upp tap sem þú verður hugsanlega fyrir. Þú skalt frekar líta á tapið sem kostnað við afþreyinguna.
- Best er að spila ekki með fjármuni sem eiga að mæta öðrum útgjöldum heimilisins og alls ekki spila með lánsfé.

Staðreyndir fyrir spilara

Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) vinnur að ýmsum verkefnum á sviði ábyrgðar spilunar. Ágóði af starfsemi HHÍ rennur til uppbyggingar Háskóla Íslands.

Spilakassar HHÍ bjóða upp á skemmtilega leiki sem eru afþreying fyrir 18 ára og eldri. HHÍ leggur ríka áherslu á að spilarar þekki takmörk sín í leiknum, spili sér til skemmtunar og ánægju en hafi um leið hugfast að ábyrgð fylgir spilun.

Vinningshlutfall og vinningslíkur í spilakössum

Samkvæmt reglugerðum skal vinningshlutfall vera að lágmarki 89% af verðmæti innborgaðra leikja. Hlutfall vinninga hjá Gullnámu er að meðaltali 92%. Hafa ber í huga að þetta meðaltal byggir á þúsundum tilviljanakenndra útkoma og er ótengt vinningslíkum sem eru breytilegar fyrir sérhvern leik.

Ekki er með nokkru móti hægt að hafa áhrif á vinningslíkurnar í spilakössum. Gott er að muna þá staðreynd að aðeins tilviljun ein ræður útkomu leikja. Háþróaður tölvubúnaður stjórnar því að sérhver aðgerð og útkoma á spilakassa er algerlega óháð fyrri aðgerðum og því hvernig er spilað á kassann.

Peningaþvætti

Samkvæmt lögum er peningaþvætti ólöglegt og allur grunur um það er tilkynntur til lögreglu, sem fylgir málinu eftir.

Mýtur um spilakassa

Oft er spurt: „Er hægt að auka vinningslíkur á einhvern hátt?“ Svarið er NEI.

Það er ómögulegt að spá fyrir um þá vinningsröð sem kemur upp á spilakössum. Hvert og eitt tákni sem birtist stjórnast algjörlega af tilviljun sem þú ræður engu um. Sögusagnir um vinningslíkur eru á reiki og margir spilarar telja að þeir geti með einhverju móti haft áhrif á vinningslíkur sínar.

Hér eru því nokkrar sögusagnir sem við viljum leiðrétta:

- Þú getur ekki aukið vinningslíkur þínar með því að þrýsta á hnappinn eða skjáinn á einhvern ákveðinn hátt. Útkoman ákvarðast á því sekúndubroti sem ýtt er á „spila“.
- Þú getur ekki aukið vinningslíkur þínar með því að velja spilakassa eftir því hvernig hann hefur gefið áður - kassar eru ekki og geta ekki verið „heitir“ eða „kaldir“. Stór vinningur eykur hvorki né minnkar líkur á öðrum vinningi í sama kassa.
- Þú getur ekki aukið vinningslíkur þínar með því að spila oft, með æfingu eða ákveðnum hæfileikum. Leikurinn, hver einstakur snúningur, byggir algjörlega á tilviljun.
- Þú getur ekki aukið vinningslíkur þínar með því að nota einhverskonar „kerfi“ eða notast við lukkugripi. Spilarinn getur ekki haft áhrif á útkomu leiks – tilviljun ein ræður.

Þekktu þín takmörk

–hættumerki spilavanda

Allir sem spila upp á peninga taka nokkra áhættu og hér á eftir eru talin upp nokkur atriði sem geta verið vísbendingar um spilavanda.

Lestu þau vel – þau hjálpa þér að þekkja þín takmörk.

Það er hættumerki:

- Þegar þú spilar lengur en þú ætlaðir þér og gleymir hvað tímanum líður.
- Þegar þú spilar fyrir meira fé en þú reiknaðir með og/eða hefur efni á.
- Þegar þú spilar fyrir lánsfé.
- Þegar þú leggur undir hærri og hærri upphæðir.
- Þegar þú segir ósatt um spilun þína.
- Þegar þú færð gagnrýni um spilun þína frá fólki í kringum þig.
- Þegar spilunin er farin að hafa áhrif á fjölskylduna, starfið, heilsuna eða fjárhaginn.
- Þegar þú finnur til sektarkenndar vegna spilunar.
- Þegar þú reynir að vinna upp tap með því að leggja meira undir eða spila oftar.

Ef þú telur sjálfa/n þig vera í vanda vegna spilunar eða hefur áhyggjur af einhverjum nákomnum, skaltu ekki hika við að leita þér upplýsinga og aðstoðar á sérstökum vef um spilavanda:

abyrgspilun.is

Hjálparlína: 1717

Netspjall: 1717.is

Gaman að spila!

Það á að vera gaman að spila, til þess er leikurinn gerður. Peningaspil eru ekki spiluð án áhættu fyrir spilara, því gegnir ábyrg spilun lykilhlutverki í starfsemi HHÍ. Vefsíðan abyrgspilun.is er samstarfsverkefni HHÍ og Íslandsspila. Hún var sett á laggirnar haustið 2009. Síðan er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og er ætlað að veita áreiðanlegar og hlutlausar upplýsingar um peningaspil.

18 ára lágmarksaldur í öll peningaspil

- Lágmarksaldur til að stunda spilakassa og skafmiðaleiki er undantekningarlaust 18 ár. Það á jafnt við um þegar spilað er og þegar vinningur er leystur út.
- Söluaðilum er skylt að framfylgja þessum reglum með því að sannreyna aldur spilara og óska eftir gildum skilríkjum.

18 ára

18 ára er lágmarksaldur í öll peningaspil.

Nánari upplýsingar um ábyrga spilahegðun má finna á **abyrgspilun.is**



Happraetti
Háskóla Íslands



Gullnáman



Happaþrennan